

REGLUR

um reiknað endurgjald á tekjuárinu 2009.

Eftirfarandi reglur um reiknað endurgjald eru settar skv. 3. málsl. 1. mgr. 58. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt með síðari breytingum vegna starfa á árinu 2009 og fyrir álagningu gjalda á árinu 2010. Reglur þessar eru til viðmiðunar fyrir reiknað endurgjald fyrir vinnu manns, sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, eða starfar á vegum sameignarfélags, einkahlutafélags eða hlutafélags eða á vegum tengdra félaga (dótturfélaga, hlutdeildarfélaga) þar sem hann hefur ráðandi stöðu vegna eignar- eða stjórnunaraðildar ef launatekjur af því starfi teljast vera lægri en hann hefði haft ef unnið hefði verið fyrir ótengdan eða óskyldan aðila.

1. Almennt.

Samkvæmt 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal maður, sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi reikna sér til tekna eigi lægra endurgjald fyrir starfið en hann hefði haft sem laun fyrir það hjá óskyldum eða ótengdum aðila. Sama gildir um vinnu maka manns og barna þeirra fyrir vinnu sem þau inna af hendi við atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi hans.

Á sama hátt skal maður reikna sér til tekna sem reiknað endurgjald mismun á greiddum launum fyrir vinnu við atvinnurekstur eða starfsemi sem rekin er í sameign með öðrum eða við atvinnurekstur lögaðila og reiknuðu endurgjaldi sem honum hefði boríð að reikna sér hefði starfið verið inn af hendi við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi eins og greinir hér að framan, enda teljist hann hafa ráðandi stöðu vegna eignar- eða stjórnunaraðildar. Á sama hátt skal reikna endurgjald fyrir starf sem maki manns, barn hans, venslamaður hans eða nákominn ættingi innir af hendi fyrir framangreinda aðila.

Samkvæmt ákvæðum 58. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt með síðari breytingum skal fjármálaráðherra að fengnum tillögum ríkisskattstjóra setja við upphaf árs reglur um reiknað endurgjald fyrir vinnu við eigin atvinnurekstur og ákveða viðmiðunarfjárhæðir fyrir lágmark þess með hliðsjón af raunverulegum tekjum fyrir sambærileg störf. Reglur um reiknað endurgjald og viðmiðunarfjárhæðirnar gilda einnig ef laun sem greidd eru vegna vinnu við atvinnurekstur eða starfsemi, sem rekin er í sameign með öðrum eða við atvinnurekstur lögaðila, eru lægri en ætla mætti að þau væru ef vinnan væri inn af hendi fyrir óskyldan eða ótengdan aðila.

Tengsl milli launþegans og vinnuveitandans til þess að reikna skuli endurgjald samkvæmt reglum þessum teljast vera fyrir hendi þegar sá sem launin tekur eða ætti að taka telst vera ráðandi aðili vegna eignar- eða stjórnunaraðildar. Maður telst ráðandi aðili ef hann sjálfur, maki hans, venslamaður eða annar nátengdur aðili er í stjórnum félagsins eða framkvæmdastjórn þess eða ef hann, einn eða ásamt maka eða öðrum tengda- og venslamönnum eða samstarfsmönnum, á það stóran hluta í félaginu að ætla megi að það hafi áhrif á ákvörðun launanna. Tengsl þessi teljast á sama hátt vera fyrir hendi ef um er að ræða óbeina eignar- eða stjórnunaraðild svo sem starfi maður hjá dótturfélagi eða hlutdeildarfélagi félags sem hann hefur ráðandi stöðu í.

Endurgjald, sem manni ber að reikna sér, sbr. framangreint, skal hann ákveða þannig að það sé eigi lægra en hann hefði haft sem laun fyrir sama starf hjá óskyldum eða ótengdum aðila. Skal sú fjárhæð að jafnaði ekki vera lægri en viðmiðunarfjárhæð sú sem ákveðin er í reglum þessum en getur verið hærri eða lægri eftir því sem tilefni er til með hliðsjón af raun-

verulega greiddum launum fyrir sambærileg störf hjá óskyldum eða ótengdum aðila, umfangi og eðli starfseminnar og starfs hans, taxta fyrir útselda vinnu í starfsgreininni, afkomu rekstrarins og fé sem bundið var í rekstrinum í ársbyrjun.

Reiknað endurgjald manns, sem selur út eigin vinnu eða vinnu starfsmanna sinna, skal aldrei vera lægra en sem svarar til launa starfsmanns hans við reksturinn, með sambærilega menntun, reynslu og vinnuframlag.

Viðmiðunarfjárhædir eru miðaðar við þá tegund atvinnurekstrar eða starfsemi sem framteljandi stendur fyrir og eru lágmarksfjárhædir sé viðkomandi ekki í öðru launuðu föstu starfi eða starfi sem reikna skal endurgjald fyrir. Sé svo er heimilt að lækka viðmiðunarfjárhædirnar um þá fjárhæð sem laun eða reiknað endurgjald fyrir hitt starfið er umfram 50% af viðmiðunarfjárhædinni þó þannig að það verði aldrei lægra en 25% af viðmiðunarfjárhædinni að viðbættri þeirri hækkun sem leiða kann af næstu málsgrein hér á undan.

Þegar hjón eða samskattað sambúðarfólk standa saman að atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi skal hvort hjóna um sig ákvarða sér reiknað endurgjald í samræmi við reglur þessar og skiptist rekstrarhagnaður milli þeirra í hlutfalli við reiknað endurgjald þeirra. Vinni það hjóna, sem ekki stendur fyrir atvinnurekstrinum, með maka sínum skal meta því reiknað endurgjald eins og það hafi verið unnið af óskyldum eða ótengdum aðila og telst rekstrarhagnaður þá vera tekjur þess sem stendur fyrir atvinnurekstrinum.

2. Staðgreiðsla af reiknuðu endurgjaldi.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda ber manni, sem reikna skal sér endurgjald vegna vinnu við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, að tilkynna skattstjóra í skattumdæmi sínu um áætlaðar tekjur sínar á staðgreiðsluárinu í samræmi við reglur fjármálaráðherra um reiknað endurgjald og standa skil á staðgreiðslu af þeirri fjárhæð eins og um greidd laun hafi verið að ræða. Sama á við ef maki eða annar sá sem fellur undir reglur þessar vinnur við atvinnureksturinn.

Samkvæmt sömu lagagrein skal lögaðili ákveða manni, sem hjá honum starfar og fellur undir reglur þessar, endurgjald fyrir vinnu hans ef þau laun, sem honum eru greidd eru lægri en reiknað endurgjald samkvæmt reglunum og standa skil á staðgreiðslu af þeirri fjárhæð.

Telji skattstjóri að áætlun manns, sem starfar við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi eða ákvörðun lögaðila um endurgjald manns sem hjá honum starfar og fellur undir reglur þessar séu á staðgreiðsluári lægri en lágmark viðmiðunarfjárhæða samkvæmt reglum fjármálaráðherra, skal hann ákveða endurgjaldið og staðgreiðslu af því í samræmi við reglurnar. Skattstjóri má aðeins víkja frá lágmarki reiknaðs endurgjalds samkvæmt reglum fjármálaráðherra á grundvelli skriflegra skyringa og nauðsynlegra gagna frá framteljanda og/eða launagreiðanda.

Í upplýsingum manns sem starfar við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi og óskar eftir að honum sé ákveðið lægra endurgjald en svarar til viðmiðunarfjárhæða samkvæmt reglum þessum skulu koma fram upplýsingar um umfang og eðli starfseminnar og starfs hans, upplýsingar um önnur launuð störf og eftir því sem við á, upplýsingar um verð á útseldri vinnu hans eða starfsmanna sem vinna í þjónustu hans. Hann skal enn fremur gera grein fyrir afkomu rekstrarins á síðastliðnu ári og leggja fram áætlun um rekstur og tekjur hans á staðgreiðsluárinu, svo og gera grein fyrir hvaða fjármagn sé bundið í rekstrinum.

Maður sem starfar hjá félagi og óskar eftir að honum sé ákveðið lægra endurgjald en svarar til viðmiðunarfjárhæða samkvæmt 4. kafla í reglum þessum skal leggja fram hliðstæðar upplýsingar um umfang og eðli starfseminnar og starfs hans, um önnur launuð störf sín og eftir því sem við á upplýsingar um verð á útseldri vinnu hans og annarra starfsmanna sem vinna hjá féluginu.

Staðgreiðsla af reiknuðu endurgjaldi er bráðabirgðagreiðsla tekjuskatts og útsvars á tekjuári. Endanleg ákvörðun reiknaðs endurgjalds fer fram við endurskoðun skattframtala og skal skattstjóri þá hækka reiknað endurgjald frá ákvörðun þess vegna staðgreiðslu á tekjuárinu, komi þá í ljós að það hafi ekki verið í samræmi við reglur þessar.

Hafi maður svo lágt reiknað endurgjald af starfsemi samkvæmt samþykktri áætlun að staðgreiðsla hans sjálfs eða vegna hans og maka hans verði engin á árinu getur hann sótt um til skattstjóra að skila „Skilagrein vegna reiknaðs endurgjalds“ einu sinni á ári. Sé umsóknin samþykkt þarf að leggja skattkortin inn hjá skattstjóra. Sé áætlað reiknað endurgjald af starfseminni innan við 215.000 krónur á árinu 2009 fellur það utan staðgreiðslu.

3. Reiknað endurgjald við álagningu.

Framteljandi, sem reglur þessar taka til, skal á framtali sínu reikna sér endurgjald eigi lægra en viðmiðunararfjárhæðir í 4. kafla og að teknu tilliti til afkomu rekstrar, eigin fjár í rekstri og taxta fyrir útselda vinnu og launa eða reiknaðs endurgjalds í öðru starfi, sbr. 1. kafla.

Telji framteljandi á framtali sínu að reiknað endurgjald, og eftir atvikum laun hans, eigi að vera lægra en sí fjárhæð sem staðgreiðsla var greidd af eða lægra en viðmiðunararfjárhæð skv. 4. kafla í reglum þessum eða lægra en endurgjald sem ákveðið er skv. 1. kafla þeirra með hliðsjón af taxta fyrir útselda vinnu, afkomu rekstrar og eigin fé í rekstri, skal hann láta fylgja skattframtali sínu gögn og rökstuðning fyrir mati sínu ásamt upplýsingum, sbr. 2. kafla hér að framan.

Að móttaknu framtali og öðrum framtalsgögnum skal skattstjóri endurskoða reiknað endurgjald framteljanda, maka hans og barna eftir því sem tilefni er til.

Skattstjóra er heimilt að fallast á að reiknað endurgjald sé lægra en viðmiðunararfjárhæðir fjármálaráðherra kveða á um ef rökstuðningur og gögn framteljanda og eftir atvikum þess lógaðila, sem hann tekur eða á að taka laun hjá, réttlæta slika ákvörðun. Fallist skattstjóri ekki á rök framteljanda um lægra reiknað endurgjald skal hann hækka það til samræmis við viðmiðunararfjárhæðir í reglum þessum.

Sé um að ræða endurgjald manns með eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal hækkan skattstjóra á reiknuðu endurgjaldi ekki leiða til þess að tap á rekstrinum verði meira en almennar fyrningar ársins. Sé um að ræða ellí- eða örorkulífeyrishæð með eigin atvinnurekstur skal þess gætt að ekki verði tap á rekstrinum. Ákvæði þessi taka ekki til félaga og þeirra sem reikna ber sér endurgjald vegna starfa hjá þeim.

4. Starfaflokkar og viðmiðunararfjárhæðir.

Þær fjárhæðir sem fara hér á eftir eru lágmarksviðmiðun fyrir reiknað endurgjald manna sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi eða starfa í hvers kyns stjórnunarstörfum og/eða almennum störfum hjá einkahlutafélagi, hlutafélagi eða sameignarfélagi eða tengdum félögum sem þeir sjálfir, makar þeirra, venslamenn eða aðrir þeim nátengdir eða þeir ásamt samstarfsmönnum hafa ráðandi stöðu í vegna eignar- eða stjórnaraðildar.

Flokkur A. Sérfræðipjónusta.

Til flokks A teljast sérmenntaðir menn vegna starfa í sérgrein sinni og/eða stjórnunarstarfa á þeim vettvangi, svo sem lyfjafræðingar, læknar, tannlæknar, lögfræðingar, löggiltir endurskoðendur, verkfræðingar, ráðgjafar og aðrir sérfræðingar, m.a. á tölvusviði, í fjármála- ráðgjöf og verðbréfaviðskiptum.

Flokkur A skiptist í fimm undirflokkum:

A(1) Sérfræðingur sem jafnframt stýrir rekstri þar sem starfa með honum fleiri en fimmtán starfsmenn eða samtals greidd laun til starfsmanna og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum fleiri en fimmtán manna.

Mánaðarlaun	725.000 kr.
Árslaun	8.700.000 kr.

A(2) Sérfræðingur sem jafnframt stýrir rekstri þar sem starfa með honum tíu til fimmtán starfsmenn eða samtals greidd laun til starfsmanna og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum tíu til fimmtán manna.

Mánaðarlaun	673.000 kr.
Árslaun	8.076.000 kr.

A(3) Sérfræðingur sem jafnframt stýrir rekstri þar sem starfa með honum sex til níu starfsmenn eða samtals greidd laun til starfsmanna og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum sex til níu starfsmanna.

Mánaðarlaun	647.000 kr.
Árslaun	7.764.000 kr.

A(4) Sérfræðingur sem jafnframt stýrir rekstri þar sem starfa með honum tveir til fimm starfsmenn eða samtals greidd laun til starfsmanna og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum tveggja til fimm starfsmanna. Læknar og tannlæknar falla undir þennan flokk ef þeir starfa einir eða með fimm starfsmenn eða færri.

Mánaðarlaun	595.000 kr.
Árslaun	7.140.000 kr.

A(5) Sérfræðingur, þó ekki læknir eða tannlæknir sem fellur undir A(4), sem starfar einn eða með færri en tveimur starfsmönnum eða samtals greidd laun og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum allt að tveggja starfsmanna.

Mánaðarlaun	517.000 kr.
Árslaun	6.204.000 kr.

Deili tveir eða fleiri menn sem undir reglur þessar falla með sér stjórnun á rekstrinum skal reiknað endurgjald þeirra fara eftir flokki A(1) til A(4) miðað við að fjölda starfsmanna að þeim meðtöldum sé deilt á þá.

Flokkur B. Almenn starfsemi, iðnaður, verslun, útgerð og þjónusta.

Til flokks B teljast menn sem vinna við iðnaðar- og iðjurekstur, hvers konar verslun og viðskipti, veitingastarfsemi, útgerð og fiskvinnslu, framleiðslu landbúnaðarvara, verktaka-starfsemi hvers konar og þjónustu, sem ekki heyrir undir flokk A eða C. Stjórnun rekstrarins eða félagsins er hluti af störfum þeirra sem falla undir flokk B(1), B(2), B(3) og B(4), þótt þeir vinni einnig önnur almenn störf við reksturinn.

Flokkur B skiptist í fimm undirflokk:

B(1) Maður sem stýrir rekstri þar sem starfa með honum fleiri en fimmtán starfsmenn eða samtals greidd laun til starfsmanna og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum fleiri en fimmtán manna.

Nr. 1211

29. desember 2008

Mánaðarlaun	685.000 kr.
Árslaun	8.220.000 kr.

B(2) Maður sem stýrir rekstri þar sem starfa með honum tú til fimmtíð starfsmenn eða samtals greidd laun til starfsmanna og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum tú til fimmtíð manna.

Mánaðarlaun	616.000 kr.
Árslaun	7.392.000 kr.

B(3) Maður sem stýrir rekstri þar sem starfa með honum sex til níu starfsmenn eða samtals greidd laun til starfsmanna og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum sex til níu starfsmanna.

Mánaðarlaun	514.000 kr.
Árslaun	6.168.000 kr.

B(4) Maður sem stýrir rekstri þar sem starfa með honum tveir til fimm starfsmenn eða samtals greidd laun til starfsmanna og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum tveggja til fimm starfsmanna.

Mánaðarlaun	429.000 kr.
Árslaun	5.148.000 kr.

B(5) Maður, sem starfar einn eða með færri en tveimur starfsmönnum eða samtals greidd laun og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum allt að tveggja starfsmanna.

Mánaðarlaun	342.000 kr.
Árslaun	4.104.000 kr.

Deili tveir eða fleiri menn sem undir reglur þessar falla með sér stjórnun á rekstrinum skal reiknað endurgjald þeirra fara eftir flokki B(1), B(2), B(3) eða lægst B(4) miðað við að fjöldu starfsmanna að þeim meðtoldum sé deilt á þá.

Flokkur C. Fjölmíðlun, listamenn, skemmtikrafter, útgáfendur, sérhæfð sölustarfsemi eða bjónusta o.fl.

Til flokks C teljast menn, sem vinna við framangreinda starfsemi, svo sem blaðamenn, fréttamenn og dagskrágerðarmenn, þeir sem starfa við bóka og blaðaútgáfu, kvíkmyndagerð, listamenn, skemmtikrafter o.fl. Ennfremur sérhæfð sölustarfsemi, svo sem fasteignasala, bifreiðasala, bókhaldspjónusta, kennslustarfsemi, skólarekstur og námskeiðahald. Einnig háskólamenntaðar heilbrigðisstéttir, s.s. hjúkrunarfæðingar, iðjubjálfarar og nuddarar og aðrir með sérmennun sem ekki falla undir flokka A eða B. Stjórnun starfseminnar er hluti af störfum þeirra sem falla undir flokk C(1), C(2), C(3) og C(4), þótt þeir vinni einnig önnur almenn störf við reksturinn.

Flokkur C skiptist í fimm undirflokkka:

C(1) Maður sem stýrir rekstri þar sem starfa með honum fleiri en fimmtíð starfsmenn eða samtals greidd laun til starfsmanna og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum fleiri en fimmtíð manna.

Mánaðarlaun	663.000 kr.
Árslaun	7.956.000 kr.

C(2) Maður sem stýrir rekstri þar sem starfa með honum tíu til fimmstán starfsmenn eða samtals greidd laun til starfsmanna og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum tíu til fimmstán manna.

Mánaðarlaun	622.000 kr.
Árslaun	7.464.000 kr.

C(3) Maður sem stýrir rekstri þar sem starfa með honum sex til níu starfsmenn eða samtals greidd laun til starfsmanna og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum sex til níu starfsmanna.

Mánaðarlaun	581.000 kr.
Árslaun	6.972.000 kr.

C(4) Maður sem stýrir rekstri þar sem starfa með honum tveir til fimm starfsmenn eða samtals greidd laun til starfsmanna og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum tveggja til fimm starfsmanna.

Mánaðarlaun	497.000 kr.
Árslaun	5.964.000 kr.

C(5) Maður, sem starfar einn eða með færri en tveimur starfsmönnum eða samtals greidd laun og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum allt að tveggja starfsmanna.

Mánaðarlaun	414.000 kr.
Árslaun	4.968.000 kr.

Deili tveir eða fleiri menn sem undir reglur þessar falla með sér stjórnun á rekstrinum skal reiknað endurgjald þeirra fara eftir flokki C(1), C(2), C(3) eða lægst C(4) miðað við að fjölda starfsmanna að þeim meðtoldum sé deilt á þá.

Flokkur D. Iðnaðarmenn.

Til flokks D teljast iðnaðarmenn í löggiltum iðngreinum. Ef stjórnun svo sem framkvæmdastjórn félags er aðalþáttur starfsins þar sem starfa með honum fleiri en fimm starfsmenn eða samtals greidd laun til starfsmanna og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum fleiri en fimm starfsmanna skal miða reiknað endurgjald við flokka B(1), B(2) eða B(3) hér að framan.

Flokkur D skiptist í two undirflokkka:

D(1) Iðnaðarmaður sem hefur two til fimm starfsmenn með sér eða samtals greidd laun til starfsmanna og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum tveggja til fimm starfsmanna.

Mánaðarlaun	331.000 kr.
Árslaun	3.972.000 kr.

D(2) Iðnaðarmaður sem starfar einn eða með færri en tveimur starfsmönnum eða samtals greidd laun og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum allt að tveggja starfsmanna.

Mánaðarlaun	276.000 kr.
Árslaun	3.312.000 kr.

Flokkur E. Ýmis starfsemi einyrkja, ófaglærðra og vélstjórnenda.

Til flokks E teljast menn sem vinna í störfum sem enga fagmenntun þarf til en geta þurft að hafa réttindapróf til að sinna starfinu, s.s. réttindi til að stjórna bifreiðum eða vinnuvélum o.s.frv. og falla ekki undir flokka A til D. Ef stjórnun svo sem framkvæmdastjórn félags er aðalþáttur starfsins og starfsmenn með honum eru fleiri en fimm eða samtals greidd laun til starfsmanna og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum fleiri en fimm starfsmanna skal miða reiknað endurgjald við flokka B(1), B(2) eða B(3) hér að framan. Til þessa flokks teljast t.d. bifreiðastjórar, stjórnendur vinnuvéla, svo og starfsgreinar sem ekki krefjast sérstakrar starfsmenntunar svo sem hreingerningarmenn.

Flokkur E skiptist annars vegar í stjórnendur vinnuvéla og hins vegar í önnur ófagleg störf og hvor flokkurinn í two undirflokkja:

E(1) Stjórnandi vinnuvéla, sem réttindi þarf til að stjórna, þar sem starfa með honum tveir til fimm starfsmenn eða samtals greidd laun til starfsmanna og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum tveggja til fimm starfsmanna.

Mánaðarlaun	301.000 kr.
Árslaun	3.612.000 kr.

E(2) Stjórnandi vinnuvéla, sem réttindi þarf til að stjórna, sem starfar einn eða með færri en tveimur starfsmönnum eða samtals greidd laun og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum allt að tveggja starfsmanna.

Mánaðarlaun	240.000 kr.
Árslaun	2.880.000 kr.

E(3) Aðrir menn í störfum sem falla ekki undir skilgreiningu annarra flokka þar sem starfa með honum tveir til fimm starfsmenn eða samtals greidd laun til starfsmanna og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum tveggja til fimm starfsmanna.

Mánaðarlaun	278.000 kr.
Árslaun	3.336.000 kr.

E(4) Aðrir menn sem falla ekki undir skilgreiningu annarra flokka sem starfa einir eða með færri en tveimur starfsmönnum eða samtals greidd laun og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum allt að tveggja starfsmanna.

Mánaðarlaun	222.000 kr.
Árslaun	2.664.000 kr.

Flokkur F. Sjómennska.

Til þessa flokks teljast sjómenn, sem starfa sem skipverjar við útgerð og njóta sérstaks afsláttar, sjómannaafsláttar, af þeim launum sem þeir hafa fyrir sjómannsstörf. Um önnur störf við útgerð fer eftir flokki B.

Flokkur F skiptist í fimm undirflokkja:

F(1) Skipstjóri.

Mánaðarlaun	414.000 kr.
Árslaun	4.968.000 kr.

Nr. 1211

29. desember 2008

F(2) Stýrimaður og vélstjóri.

Mánaðarlaun	386.000 kr.
Árslaun	4.632.000 kr.

F(3) Matsveinn og bátsmaður.

Mánaðarlaun	344.000 kr.
Árslaun	4.128.000 kr.

F(4) Háseti.

Mánaðarlaun	276.000 kr.
Árslaun	3.312.000 kr.

Reiknað endurgjald í flokkum F(1) – F(4) skal að lágmarki miðast við aflahlut skv. kjarasamningi og hliðstæðar greiðslur til annarra skipverja á sama skipi eða hliðstæðu.

F(5) Skipverji á smábát, sem kjarasamningar taka ekki til.

Mánaðarlaun	276.000 kr.
Árslaun	3.312.000 kr.

Reiknað endurgjald og greidd laun af aflahlut samtals skulu ekki vera lægri en 40% af aflaverðmæti bátsins.

Við skil á staðgreiðslu er heimilt að miða við fjárhæðir í framangreindum flokkum en á framtali skal reiknað endurgjald ekki vera lægra en viðmiðun við aflaverðmæti tilgreinir.

Flokkur G. Landbúnaður.

Til flokks G teljast bændur sem einir eða með öðrum standa fyrir búrekstri, með eða án aðkeypts vinnuafsls. Standi hjón bæði fyrir búrekstrinum skal reiknað endurgjald hvors hjónanna um sig metið miðað við vinnuframlag hvors um sig við búreksturinn og skiptist rekstrarhagnaður jafnframt á milli þeirra í hlutfalli við reiknað endurgjald þeirra. Vinni það hjóna, sem ekki stendur fyrir búrekstri með maka sínum, við reksturinn skal meta því endurgjald með hliðsjón af vinnuframlagi þess, metið á sama verði og endurgjald makans, og telst rekstrarhagnaður þá vera tekjur þess sem stendur fyrir búrekstrinum. Sé búrekstur umfangsmikill og tveir eða fleiri starfsmenn eru á launum auk bónadans og maka hans og barna innan 16 ára skal flokka starfið í flokka B(1) til B(4).

Flokkur G skiptist í þrjá undirflokkka:

G(1) Bóni með sauðfjárrækt sem aðalbúgrein og hefur meiri hluta bútekna af henni.

Mánaðarlaun	102.000 kr
Árslaun	1.224.000 kr.

G(2) Bóni með kúabú sem aðalbúgrein og hefur meiri hluta bútekna af henni.

Mánaðarlaun	133.000 kr.
Árslaun	1.596.000 kr.

G(3) Bóni sem stendur fyrir öðrum búrekstri, svo sem svínarækt, alifuglarækt, hrrossarækt, loðdýrabú, grænmetisrækt og garðplönturækt.

Mánaðarlaun	204.000 kr.
Árslaun	2.448.000 kr.

Nr. 1211

29. desember 2008

Flokkur H. Makar og börn.

Maður sem starfar við atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi maka síns eða starfar hjá félagi sem maki hans eða nákomnir venslamenn hafa ráðandi stöðu í vegna eignar- eða stjórnaraðildar svo og barn sem starfar með sama hætti við atvinnurekstur foreldris.

H(1) Sérfræðingur, sbr. flokk A, sem vinnur í sérgrein sinni en stendur ekki fyrir starfsemi.

Mánaðarlaun	415.000 kr.
Árslaun	4.980.000 kr.

H(2) Iðnaðarmaður, sbr. flokk D, sem vinnur í iðngrein sinni en standur ekki fyrir starfsemi.

Mánaðarlaun	222.000 kr.
Árslaun	2.664.000 kr.

H(3) Ófaglærður starfsmaður.

Mánaðarlaun	138.000 kr.
Árslaun	1.656.000 kr.

H(4) Barn, 15 ára.

Mánaðarlaun	96.000 kr.
Árslaun	1.152.000 kr.

H(5) Barn, 13 eða 14 ára.

Mánaðarlaun	83.000 kr.
Árslaun	996.000 kr.

Reglur þessar eru settar með stoð í 3. málsl. 1. mgr. 58. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Fjármálaráðuneytinu, 29. desember 2008.

F. h. r.
Baldur Guðlaugsson.

Ingibjörg Helga Helgadóttir.

—
B-deild – Útgáfud.: 31. desember 2008